

Varnarpakki

Í upphafi árs 2008 settu undirritaður og Þorvaldur Pálmason saman fjarkennslupakka um vörnina fyrir Bridgefélag Borgfirðinga. Við keyrðum þetta svo um vorið í sauðburðinum fyrir meðlimi BB og síðar um sumarið fyrir spilara á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við Sumarbríds. Netskóli Árna H. Björgvinssonar hélt utan um efnið á sérhönnuðum kennsluvef. Viðfangsefni námskeiðsins voru samskiptin við makker í vörninni, einkum varnarreglurnar fjórar:

(1) útspil, (2) kall/frávísun, (3) talning, (4) hliðarkall.

Námskeiðið var sett upp í fjórar lotur með 8 æfingaspilum í hverri lotu. Spilin voru útskýrð á tvennan hátt, lauslega í pdf-skjali og nánar með fyrirlestri í Bridge Baron forritinu. Ýmis pdf-skjöl og Power Point glærur fylgdu með til skýringar.

Hluti af þessu efni er hér aðgengilegt í samtals 10 skjölum. Þeir spilarar sem virkilega vilja nýta sér gögnin ættu að handgefa æfingadæmin 32 og spila sjálfir. Það tekur eitt kvöld í heimahúsi. Þeir sem ekki nenna þessu gætu eftir sem áður haft gagn og gaman af því að þæla í varnarspilunum beint af blaði.

ágúst 2009

Guðm. Páll Arnarson